

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 13. desember 2016.**

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Guðni Olgeirsson, varamaður, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrimsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í Háskólanum á Akureyri. Björk Óttarsdóttir boðaði forföll.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### **a) Staða mála.**

Sjóðurinn er með 62,3 milljónir kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2017. Eftirstöðvar í sjóðnum 2016 eru 4.9 millj.

Vakið var máls á því hvernig mætti kynna betur þau verkefni sem hlotið hafa styrk frá Sprotasjóði. Aðalheiður nefndi að þetta hefði verið rætt innan KÍ. Þetta hefur verið rætt áður innan stjórnar og var ákveðið að taka þetta sérstaklega fyrir á næsta fundi stjórnar eftir áramót.

### **a) Áherslusvið Sprotasjóðs fyrir úthlutunartímabilið 2017-2018**

Stefnt er að auglýsingu styrkja úr Sprotasjóði í fyrri hluta janúar nk.

Tekin var umræða um áherslusvið sjóðsins fyrir komandi úthlutunartímabil. Ýmsar tillögur voru ræddar.

Rætt var um faglega forustu innan kennarasamfélagsins og mikilvægi þess að ígrunda kennsluhætti og námsmat.

Talað var um að kalla þyrfti eftir verkefnum sem stuðla að auknum árangri í námi og kennslu. Önnur hugmynd var að kalla eftir verkefnum þar sem unnið er með lærdómssamfélagið í skólum og skólann í lærdómssamfélagi. Einnig var rætt um að áhugavert væri að horfa til jafningjasamfélagsins innan skólanna, þar sem kennarar leiðseigja hve öðrum.

Einnig var rætt um hvernig mætti hugsanlega kalla eftir verkefnum sem snúa að því að efla seiglu og þrautseigju nemenda. Til eru áhugaverð verkefni, t.d. á Norðurlöndunum, þar sem unnið er með á þætti.

Nokkur umræða var um orðaforða nemenda. Nemendur eru í auknum mæli að verða tvítyngdir. Þyrfti að setja fókus á það sem og aukið vægi netmiðla og áhrif þeirra. Einnig var nokkuð rætt um móðurmálið og stöðu þess í starfrænum heimi. Mikið er nú skoðað hvernig megi styrkja íslenskuna í starfrænum heimi.

Þó nokkur umræða var um námsmat og hvernig hægt sé að nýta það til að leiðbeina nemendum.

Einnig var rætt um hvernig sé hægt að efla persónulegan þroska nemenda með samræðum og beinum tengslum við náttúruna. Nýta umhverfið til náms. Það er margt í Þísa könnunum sem að bendir til þess að það þurfi að tengja nemendur betur við samfélagið og náttúruna.

Mikið var rætt um árangurríka kennsluhætti – hvað það sé sem virkar í kennslu.- Gagnreyndar aðferðir í kennslu. Þetta sé eitthvað sem þurfi að vera undirliggjandi í öllu skólastarfi. E.t.v ekki rétt að hafa þetta sem sérstakt áherslusvið.

Í kjölfar umræðna þá voru lögð drög að áherslusviðum:

- 1) **Lærdómssamfélag** - Tengja saman hlutverk og ábyrgð allra aðila í samfélaginu.  
Lærdómssamfélag í skólanum og skólinn í lærdómssamfélaginu  
Sköpun og efling lærdómssamfélags  
Með þessu er einnig verið að kalla eftir samvinnu milli skólastiga.
- 2) **Móðurmál í starfrænum heimi**
- 3) **Leiðsagnarmat.** Hvernig er námsmat notað til að þróa nám nemenda og leiðbeina þeim.
- 4) **Listir og verkleg kennsla.** Samkvæmt skilgreiningu í námsskrá. **Þróun list og verkgreina í skólanámsskrá**

Formaður lagði til að stjórnin skoðaði þetta og að í byrjun næstu viku myndu liggja fyrir niðurstöður frá stjórn um áherslusvið fyrir komandi ár og það yrði svo lagt fyrir ráðherra til skoðunar.

Fundi var slitið kl. 11:00